# SKÝRINGAR:




SNIÐ A-A M. 1:5

▶ ATHUGIÐ !

Sérstaklega þarf að vanda uppslátt sökkla. Uppsláttur sökkla sé rækilega afstífaður, og skal vera nákvæmlega í réttri hæð, og réttri línu.

BREIDD SÖKKLA :

Sökklar steyptir á klöpp eða móhellu, B = 20 cm.
Sökklar steyptir á þjappað sand- eða malarlag, B = 25 cm.

UPPGRÖFTUR :

Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg úr grunninum, svo sem mold og mó. Grafa skal fyrir sökklum niður á nægilega traustan jarðveg. Byggingarfulltrúi staðarins taki út grunnstæði hússins.

ÁLAG Á SÖKKLA :

Álag á sökkla undir einingahúsum, án kjallara, er 1,7 t/m eða 8,5 t/m² við 0,2 m breiða sökkla, og 6,8 t/m² við 0,25 m breiða sökkla.

UPPSLÁTTUR SÖKKLA :

Uppsláttur sökkla sé rækilega afstífaður og skal vera nákvæmlega í réttri hæð, og réttri línu. Reimstykki skal steypa í, samkvæmt teikningu, SNIÐ A-A. HÚSASMIÐJAN HF. sér um afgreiðslu á reimstykkjum úr fúavarinni furu, ásamt girði og krókboltum, sem steypast í sökkla. Staðsetning þeirra er sýnd á teikningu nr. 11

DÝPT SÖKKLA :

Neðri brún sökkla sé a.m.k. 120 cm niður fyrir jarðvegsyfirborð, nema klöpp sé ofar, þá er lágmarkshæð sökkla 40 cm.

JÁRNALÖGN SÖKKLA :

Járn Ks 40 merkt K. Setja skal 2 K 12 efst og neðst sbr. þversnið. Járnin séu heil um horn eða víxllögð um minnst 60 cm.

STEYPA SÖKKLA :

Öll steypa S 200 með sigmáli 9 cm og lofti 4 %.

EINANGRUN SÖKKLA :

Sökkla skal einangra með 2" frauðplasti, sem líma skal á sökkulveggi. Einangrunin skal ná a.m.k. 50 cm niður á sökkulveggina og undir alla gólfplötuna.

FYLLING Í SÖKKLA :

Eftir að sökklar hafa verið steyptir, skal fylla upp undir gólfplötu með viðurkenndu fyllingarefni, sem þjappa skal í lögum. Ekki skal grafa fyrir frárennslislögnum fyrr en fyllingin hefur verið þjöppuð.

ÚRTÖK FYRIR LAGNIR :

Sjá lagnateikningar.

HAFNARFJARÐA... BYGGINGAFULL... 3. marz 1982

| | | |
|---|---|---|
| RVÍK Í JAN. '82 | HÚSASMIÐJAN HF SÚÐAVOGI 3-5, RVÍK. SÍMI 86322 FÍFUHVAMMI KÓPAV. SÍMI 43521 | GERÐ NR. |
| REIKN. TEIKN. SS YFIRF. | SKÝRINGAR VIÐ SÖKKLA SNIÐ Í SÖKKULVEGGI. | VERK NR. |
| MÆLIKV. 1:5 | TIMBURHÚS | TEIKN NR. 10 |